



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um endurgerð Haðarstígs - Tilvísun í mál R19110387.

Á fundi borgarráðs 28. nóvember 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um endurgerð Haðarstígs:

"Endurgerð Haðarstígs hefur lengi verið á döfnni og árin 2018 og 2019 voru áætlaðar 50 milljónir króna áætlaðar til endurgerðar götunnar eftir að hönnun var gerð og kostuð árið 2018. Auk þeirra 50 milljóna sem ætlaðar voru til endurgerðar Haðarstígs var gert ráð fyrir kostnaði Veitna vegna lagfæringar á lögnum og fráveitu. 1. Hvers vegna hefur framkvæmd ekki hafist úr því fjármagn var komið í verkið? 2. Hvers vegna er verið að fella framkvæmdina út af fjárhagsáætlun? 3. Er möguleiki á að eigendur fasteigna við stíginn geti sótt sér vanefndabætur?"

Svör umhverfis- og skipulagssviðs:

1 - 2. Þegar farið verður í endurgerð Haðarstígs er jafnframt gert ráð fyrir því að taka upp breytt fyrirkomulag við almenna sorphirðu vegna íbúða við stíginn. Núverandi fyrirkomulag felur í sér að sorphirðubílar þurfa að aka um þröngan stíginn en með breyttu fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að heimilissorpi verði komið fyrir í djúpgámum. Gerð hefur verið tillaga að staðsetningu djúpgáma við Bragagötu en ekki hefur verið gengið frá kostnaðarskiptingu vegna uppsetningu. Breytt fyrirkomulag sorphirðu er forsenda fyrir því að ráðist verði í endurgerð Haðarstígs þar sem ekki er gert ráð fyrir umferð þungra ökutækja um stíginn til framtíðar.

3. Nei.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds